

## FUNDARBOÐ

### 1863. fundur bæjarstjórnar Hafnarfjarðar verður haldinn á fjarfundi, 3. febrúar 2021 og hefst kl. 14:00

#### Dagskrá:

#### Almenn erindi

##### 1. 1806149 - Ráð og nefndir 2018-2022, kosningar

Lagðar fram breytingar á skipan umhverfis- og framkvæmdaráðs:  
Friðþjófur Helgi Karlsson, Miðvangi 4, verði aðalmaður í stað Sverris Jörstad Sverrissonar, Sunnuvegi 11, sem verður varamaður.

##### 2. 2012229 - Suðurnesjalína 2, framkvæmdaleyfi

Áður frestað á fundi bæjarstjórnar 20.janúar sl. Tekið fyrir á ný.  
3.liður úr fundargerð skipulags- og byggingaráðs frá 12.janúar sl.  
Tekin fyrir að nýju umsókn Landsnets um framkvæmdaleyfi vegna Suðurnesjalínu 2 í landi Hafnarfjarðarbæjar. Erindið var lagt fram á fundi ráðsins þann 15.12. s.l.

Fyrir liggur umsókn Landsnets, dags. 11. desember 2020, um framkvæmdaleyfi á grundvelli 13. og 14. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, sbr. 6. og 7. gr. reglugerðar um framkvæmdaleyfi nr. 772/2012, fyrir framkvæmdinni Suðurnesjalína 2, 220 kV raflína.

Nánar tiltekið er um að ræða raflínu sem fyrirhugað er að reisa milli milli Hamraness í Hafnarfirði og Rauðamels í Grindavík. Alls er um að ræða 33,9 km langa raflínu sem mun liggja samhliða núverandi Suðurnesjalínu 1 og fer í gegnum fjögur sveitarfélög. Lengsti hluti Suðurnesjalínu 2 verður innan sveitarfélagsins Voga eða 17,26 km. Stysti hluti línunnar verður innan Grindavíkur eða 0,79 km. Innan Hafnarfjarðar mun línun fara um 8,38 km leið og innan Reykjanesbæjar fer hún 7,45 km leið. Landsnet hefur sótt um leyfi til að reisa loftlínu í gegnum öll sveitarfélög og jarðstrengi í þéttbýlinu í Hafnarfirði og við tengivirki við Rauðamel í Grindavík. Miðað er við að hefja framkvæmdir við Suðurnesjalínu 2 í ár og að spennusetning línunnar verði í lok árs 2022.

Gert er ráð fyrir umræddri framkvæmd í Kerfisáætlun Landsnets 2018 ? 2027 sem samþykkt var af Orkustofnun 18. janúar 2019.

Skipulags- og byggingarráð Hafnarfjarðar telur að fyrirhuguð framkvæmd sé í samræmi við Aðalskipulag Hafnarfjarðar 2013-2025.

Samkvæmt 2. mgr. 14. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 skal sveitastjórn, við umfjöllun um umsókn um framkvæmdaleyfi vegna matsskyldrar framkvæmdar, kynna sér matsskýrslu framkvæmdaraðila um framkvæmdina og kanna hvort framkvæmdin sé sú sem lýst er í matsskýrslu. Þá skal sveitarstjórn samkvæmt sama ákvæði taka rökstudda afstöðu til álits Skipulagsstofnunar um mat á umhverfisáhrifum framkvæmdarinnar. Í þessu sambandi skal tekið fram að álit Skipulagsstofnunar eru lögbundin en ekki bindandi fyrir sveitarstjórn. Þau þurfa skv. lögum nr. 106/2000 að fullnægja lágmarksskilyrðum um rökstuðning og

efnisinnihald og er það forsenda þess að sveitarstjórn geti tekið ákvörðun um umsókn um framkvæmdaleyfi samkvæmt 14. gr. skipulagslaga að álitni fullnægi þeim lagaskilyrðum.

Skipulags- og byggingarráð hefur kynnt sér matsskýrslu framkvæmdar frá september 2019, ásamt viðaukum, sem og álit Skipulagsstofnunar um mat á umhverfisáhrifum vegna framkvæmdarinnar dags. 22. apríl 2020.

Í matsskýrslu er ítarlega fjallað um þá sex valkosti sem framkvæmdaraðili leggur fram, þ.e. jarðstrengur og/eða loftlína. Niðurstaða Landsnets er að sækja um framkvæmdaleyfi fyrir Suðurnesjalínu 2 í samræmi við valkost C í mati á umhverfisáhrifum, sem er 220 kV loftlína milli Hafnarfjarðar og Grindavíkur. Að sögn Landsnets byggir sú niðurstaða á ítarlegri undirbúningsvinnu, sem felur í sér valkostagreiningu, mat á umhverfisáhrifum, sérfræðiskýrslur, kostnaðargreiningar, samræmi við lög og reglur, stefnu stjórnvalda, samráð við hagaðila og landeigendur. Helstu umhverfisáhrif framkvæmdar á svæðinu sem er afmarkað sem Hafnarfjörður snúa að landslagi og ásýnd, jarðminjum, ferðaþjónustu og útivist og vistgerðir og gróður.

Skipulags- og byggingarráð tekur vissulega undir undir þá niðurstöðu álits Skipulagsstofnunar að margt mæli með því að frekar yrði lagður jarðstrengur alla leið og er þá þá sérstaklega vísað til valkostar B meðfram Reykjanesbraut. Það er þó mat sveitarfélagsins að valkostur C samræmist vel þeim hugmyndum í greinagerð Aðalskipulags Hafnarfjarðar 2013-2025 er varðar legu og breytingar á rafveitukerfi Landsnet innan marka sveitarfélagsins. Gert er ráð fyrir að heildarrask innan sveitarfélagsins vegna framkvæmdanna verði 0,69 ha. Hér skal tekið fram að framkvæmdir höfðu áður verið hafnar en stöðvaðar þegar framkvæmdaleyfi var ógilt, en þá hafði þegar verið búið að raska hluta svæðis, gera mastraplön og leggja línuslóða.

Ítarleg málsmeðferð á sviði skipulags- og umhverfismála síðastliðinn áratug hefur dregið fram fjölmörg sjónarmið um fyrirkomulag flutningsmannvirkja á raforku vegna framkvæmdarinnar. Má í þessu einnig vísa til þeirra sjónarmiða sem fram hafa komið í dómum Hæstaréttar og úrskurðum ÚUA vegna tengdra mála. Er það mat skipulags- og byggingarráðs að slíkt hafi styrkt grundvöll málsmeðferðar um framkvæmdaleyfisumsókn, en ekki veikt hann. Fjallað hefur verið um valkosti og útfærslu framkvæmda við umhverfismat áætlana og síðar umhverfismat framkvæmdar með nákvæmari hætti, auk umfjöllunar í gögnum sem aflað hefur verið á grundvelli rannsóknarreglu stjórnisýslulaga. Skipulags- og byggingarráð telur skilyrði til þess að veitt verði framkvæmdaleyfi fyrir umsóttu framkvæmd. Með vísan til 4. mgr. 13. gr. skipulagslaga er gætt að því að fylgt sé ákvæðum náttúruverndarlaga. Umsótt framkvæmd hefur verið umhverfismetin og ekki er óvissa um áhrif framkvæmdar. Framkvæmd fer um að hluta um hraunsvæði sem njóta verndar skv. 61. gr. náttúruverndarlaga nr. 60/2013. Skipulags- og byggingarráð vísar til þess að málsmeðferð samkvæmt 61. gr. náttúruverndarlaga varðar framkvæmdaleyfisumsóknir, óháð því hvort mat á umhverfisáhrifum hafi farið fram. Umrædd framkvæmd hefur fengið ítarlega málsmeðferð við umhverfismat áætlana og umhverfismat framkvæmdar. Sú vinna hefur að álitni skipulags- og byggingarráðs hvílt á því markmiði að forðast rask á eldhraunum, þó í því ljósi að slíkt rask sé nauðsynlegt vegna markmiða að baki framkvæmd og jarðfræðilegum staðhættum. Það er álit skipulags- og byggingarráðs að sú málsmeðferð sem farið hefur fram við undirbúning framkvæmdarinnar hafi leitt fram það rask á eldhraunum og tengdum jarðmyndunum sem brýn nauðsyn ber til í ljósi markmiða framkvæmdar.

Lagaskilyrði eru til útgáfu umsóttis framkvæmdaleyfis, sbr. 13. og 14. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Skipulags- og byggingarráð leggur til við bæjarstjórn að umsókn Landsnets hf. vegna Suðurnesjalínu 2 verði samþykkt og jafnframt verði skipulagsfulltrúa falið að gefa út framkvæmdaleyfið í samræmi við reglugerð

um framkvæmdaleyfi nr. 772/2012.

Til máls tekur Ingi Tómasson.

Forseti ber upp tillögu um að frekari umræðum um málið og afgreiðslu þess verði frestað til næsta fundar bæjarstjórnar. Er tillagan samþykkt samhljóða.

### **3. 1808180 - Fornubúðir 5, skipulagsbreyting**

1. liður úr fundargerð hafnarstjórnar frá 27.janúar sl.  
Tekin fyrir samþykkt skipulags- og byggingaráðs frá 12.janúar sl. um breytingu í greinargerð með deiliskipulagi fyrir Fornubúðir 5. Erindið var grenndarkynnt og barst ein athugasemd. Einnig lögð fram umsögn skipulagsfulltrúa.

Hafnarstjórn samþykkir deiliskipulagsbreytinguna með vísan til umsagnar skipulagsfulltrúa og vísar til staðfestingar í bæjarstjórn.

### **4. 2101210 - Erluás 1, deiliskipulagsbreyting, breyting á notkun**

6.liður úr fundargerð skipulags- og byggingaráðs frá 26.janúar sl.  
Erindi vísað til skipulags- og byggingarráðs frá afgreiðslufundi skipulags- og byggingarfulltrúa þann 20.1.2020. AHK ehf. sækja 12.1.2021 um heimild fyrir íbúð í rými verslunar 02-01 samkvæmt teikningum Sigurðar Þorvarðarsonar.

Skipulags- og byggingarráð samþykkir tillögu um breytingu á deiliskipulagi og málmeðferð fari skv. 1.mgr. 43.gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og vísar til staðfestingar í bæjarstjórn.

### **5. 2101263 - Hólshraun 9, mhl.01, deiliskipulag**

7.liður úr fundargerð skipulags- og byggingaráðs frá 26.janúar sl.  
Lagt fram erindi Garðyrkjuþjónustunnar ehf. þar sem óskað er eftir breytingu á deiliskipulagi vegna lóðarstækkunar til norðurs að sveitarfélagsmörkum Hafnarfjarðar og Garðabæjar. Á fundi bæjarráðs 17.12.2020 var bókað "Bæjarráð samþykkir fyrir sitt leyti umbeðna lóðarstækkun en bendir á að vinna þarf tillögu að breytingu á deiliskipulagi þar sem gert er ráð fyrir umræddri stækkun lóðar. Hafi umsókn um breytingu á deiliskipulagi ekki borist sveitarfélaginu innan 12 mánaða frá samþykkt þessari telst hún úr gildi fallin."

Skipulags- og byggingarráð samþykkir tillögu um breytingu á deiliskipulagi og málmeðferð fari skv. 1.mgr. 43.gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og vísar til staðfestingar í bæjarstjórn. Erindið verði jafnframt grenndarkynnt.

### **6. 2101579 - Svæðisskipulag höfuðborgarsvæðisins, þróunaráætlun 2020-2024**

14.liður úr fundargerð skipulags- og byggingaráðs frá 26.janúar sl.  
Tillaga að þróunaráætlun höfuðborgarsvæðisins 2020-2024, dags. 15. janúar 2021 lagt fram til kynningar og afgreiðslu.

Skipulags- og byggingarráð samþykkir fyrirliggjandi þróunaráætlun og vísar til afgreiðslu í bæjarstjórn.

### **7. 1701084 - Hamranes I, nýbyggingarsvæði**

2.liður úr fundargerð bæjarráðs frá 28.janúar sl.  
Breytingar og úthlutun á reitum. Lagt fram minnisblað.

Sigurður Haraldsson sviðsstjóri mætir til fundarins.

Bæjarráð leggur til við bæjarstjórn að þróunarreit 8.A verði úthlutað til óstofnaðs dótturfélags Vilhjálmss ehf, áætlaður fjöldi amk. 110 íbúðir.

Bæjarráð leggur til við bæjarstjórn að þróunarreit 25.B verði úthlutað til óstofnaðs dóttur-/hlutdeildarfyrtækis Sundaborgar ehf, í stað þróunarreits 5.A, áætlaður fjöldi íbúða er amk. 77 íbúðir.

**8. 1911765 - Rekstrarsamningur Kaplakrika og afnotasamningur knatthússins Skessunnar**

7.liður úr fundargerð bæjarráðs frá 28.janúar sl.  
Tekið fyrir erindi FH um framlengingu á rekstrarsamningi.

Geir Bjarnason íþróttá- og tólmstundafulltrúi mætir til fundarins.

Bæjarráð leggur til við bæjarstjórn að samþykkja fyrirliggjandi framlengingu á rekstrarsamningi milli Hafnarfjarðarbæjar og FH.

**9. 2101595 - Drangsskarð 5, umsókn um lóð**

19.liður úr fundargerð bæjarráðs frá 28.janúar sl.  
Lögð fram umsókn MA Verktaka ehf. um lóðina nr. 5 við Drangsskarð.

Bæjarráð leggur til við bæjarstjórn að lóðinni nr. 5 við Drangsskarð verði úthlutað til MA Verktaka ehf.

**10. 2101369 - Drangsskarð 8, umsókn um lóð**

20.liður úr fundargerð bæjarráðs frá 28.janúar sl.  
Lögð fram umsókn Hamrabergs byggingarfélag ehf. um lóðina nr. 8 við Drangsskarð.

Bæjarráð leggur til við bæjarstjórn að lóðinni nr. 8 við Drangsskarð verði úthlutað til Hamrabergs byggingarfélags ehf.

**11. 2101596 - Drangsskarð 9, umsókn um lóð**

21.liður úr fundargerð bæjarráðs frá 28.janúar sl.  
Lögð fram umsókn MA Verktaka ehf. um lóðina nr. 9 við Drangsskarð.

Bæjarráð leggur til við bæjarstjórn að lóðinni nr. 9 við Drangsskarð verði úthlutað til MA Verktaka ehf.

**12. 2101442 - Tinnuskarð 1, umsókn um lóð**

22.liður úr fundargerð bæjarráðs frá 28.janúar sl.  
Lögð fram umsókn Sigurðar Ragnars Guðmundssonar, Tite Valle Sullano og Kristjáns Georgs Leifssonar um lóðina nr. 1 við Tinnuskarð.

Tvær umsóknir bárust um lóðina og dró fulltrúi sýslumanns úr umsóknum. Dregin var umsókn þeirra Sigurðar Ragnars Guðmundssonar, Tite Valle Sullano og Kristjáns Georgs Leifssonar og leggur bæjarráð til að lóðinni verði úthlutað til þeirra og vísar til staðfestingar í bæjarstjórn.

**13. 2101206 - Tinnuskarð 2, umsókn um lóð**

25.liður úr fundargerð bæjarráðs frá 28.janúar sl.  
Lögð fram umsókn MA Verktaka ehf. um lóðina nr. 2 við Tinnuskarð.

Tvær umsóknir bárust um lóðina og dró fulltrúi sýslumanns úr umsóknum. Dregin

var umsókn MA Verktaka ehf. og leggur bæjarráð til að lóðinni verði úthlutað til félagsins og vísar til staðfestingar í bæjarstjórn.

**14. 2101205 - Tinnuskarð 6, umsókn um lóð**

26.liður úr fundargerð bæjarráðs frá 28.janúar sl.  
Lögð fram umsókn MA Verktaka ehf. um lóðina nr. 6 við Tinnuskarð.

Bæjarráð leggur til við bæjarstjórn að lóðinni nr. 6 við Tinnuskarð verði úthlutað til MA Verktaka ehf.

**15. 2101454 - Tinnuskarð 8 og 10, umsókn um lóð**

27.liður úr fundargerð bæjarráðs frá 28.janúar sl.  
Lögð fram umsókn Aðalbóls byggingafélag ehf. um lóðina nr. 8-10 við Tinnuskarð.

Bæjarráð leggur til við bæjarstjórn að lóðinni nr. 8-10 við Tinnuskarð verði úthlutað til Aðalbóls byggingafélag ehf.

**16. 2101204 - Tinnuskarð 12, umsókn um lóð**

28.liður úr fundargerð bæjarráðs frá 28.janúar sl.  
Lögð fram umsókn MA Verktaka ehf. um lóðina nr. 12 við Tinnuskarð.

Bæjarráð leggur til við bæjarstjórn að lóðinni nr. 12 við Tinnuskarð verði úthlutað til MA Verktaka ehf.

**17. 2101602 - Tinnuskarð 32, umsókn um lóð**

29.liður úr fundargerð bæjarráðs frá 28.janúar sl.  
Lögð fram umsókn Gunnars Agnarssonar og Fanneyjar Þóru Þórsdóttur um lóðina nr. 32 við Tinnuskarð.

Bæjarráð leggur til við bæjarstjórn að lóðinni nr. 32 við Tinnuskarð verði úthlutað til Gunnars Agnarssonar og Fanneyjar Þóru Þórsdóttur.

**18. 2101260 - Völuskarð 2, umsókn um lóð**

30.liður úr fundargerð bæjarráðs frá 28.janúar sl.  
Lögð fram umsókn Ískjalar byggingafélag ehf. um lóðina nr. 2 við Völuskarð.

Bæjarráð leggur til við bæjarstjórn að lóðinni nr. 2 við Völuskarð verði úthlutað til Ískjalar byggingafélag ehf.

**19. 2101601 - Völuskarð 10, umsókn um lóð**

32.liður úr fundargerð bæjarráðs frá 28.janúar sl.  
Lögð fram umsókn Þrúðar Marenar Einarsdóttur og Einars Þórs Sigurðssonar um lóðina nr. 10 við Völuskarð.

Tvær umsóknir bárust um lóðina og dró fulltrúi sýslumanns úr umsóknum. Dregin var út umsókn þeirra Þrúðar Marenar Einarsdóttur og Einars Þórs Sigurðssonar. Leggur bæjarráð því til við bæjarstjórn að lóðinni Völuskarði nr. 10 verði úthlutað til þeirra.

**20. 2101258 - Völuskarð 12, umsókn um lóð**

33.liður úr fundargerð bæjarráðs frá 28.janúar sl.  
Lögð fram umsókn Ískjalar byggingafélag ehf. um lóðina nr. 12 við Völuskarð.

Bæjarráð leggur til við bæjarstjórn að lóðinni nr. 12 við Völuskarð verði úthlutað til Ískjalar byggingafélag ehf.

**21. 2101574 - Völuskarð 14, umsókn um lóð**

35.liður úr fundargerð bæjarráðs frá 28.janúar sl.  
Lögð fram umsókn Helga Vilhjálmssonar ehf. um lóðina nr. 14 við Völuskarð.

Tvær umsóknir bárust um lóðina og dró fulltrúi sýslumanns úr umsóknum. Dregin var út umsókn Helga Vilhjálmssonar ehf. og leggur bæjarráð því til við bæjarstjórn að lóðinni Völuskarði nr. 14 verði úthlutað til félagsins.

**22. 2101207 - Völuskarð 16, umsókn um lóð**

36.liður úr fundargerð bæjarráðs frá 28.janúar sl.  
Lögð fram umsókn MA Verktaka ehf. um lóðina nr. 16 við Völuskarð.

Bæjarráð leggur til við bæjarstjórn að lóðinni nr. 16 við Völuskarð verði úthlutað til MA Verktaka ehf.

**23. 2101514 - Malarskarð 2(-4), Umsókn um lóð**

37.liður úr fundargerð bæjarráðs frá 28.janúar sl.  
Lögð fram umsókn Hörðubóls ehf. um lóðina nr. 2-4 við Malarskarð.

Bæjarráð leggur til við bæjarstjórn að lóðinni nr. 2-4 við Malarskarð verði úthlutað til Hörðubóls ehf.

**24. 2101297 - Malarskarð 8(-10), umsókn um lóð**

38.liður úr fundargerð bæjarráðs frá 28.janúar sl.  
Lögð fram umsókn Dona ehf. um lóðina nr. 8-10 við Malarskarð.

Tvær umsóknir bárust um lóðina og dró fulltrúi sýslumanns úr umsóknum. Dregin var út umsókn Dona ehf. og leggur bæjarráð því til við bæjarstjórn að lóðinni verði úthlutað til félagsins.

**25. 2101597 - Hádegisskarð 10, umsókn um lóð**

41.liður úr fundargerð bæjarráðs frá 28.janúar sl.  
Lögð fram umsókn MA Verktaka ehf. um lóðina nr. 10 við Hádegisskarð.

Tvær umsóknir bárust um lóðina og dró fulltrúi sýslumanns úr umsóknum. Dregin var út umsókn MA Verktaka ehf. og leggur bæjarráð því til við bæjarstjórn að lóðinni verði úthlutað til félagsins.

**26. 2101575 - Hádegisskarð 14, umsókn um lóð**

42.liður úr fundargerð bæjarráðs frá 28.janúar sl.  
Lögð fram umsókn Skugga 3 ehf. um lóðina nr. 14 við Hádegisskarð.

Bæjarráð leggur til við bæjarstjórn að lóðinni nr. 14 við Hádegisskarð verði úthlutað til Skugga 3 ehf.

**27. 2101576 - Hádegisskarð 18, umsókn um lóð**

43.liður úr fundargerð bæjarráðs frá 28.janúar sl.  
Lögð fram umsókn Skugga 3 ehf. um lóðina nr. 18 við Hádegisskarð.

Bæjarráð leggur til við bæjarstjórn að lóðinni nr. 18 við Hádegisskarð verði

úthlutað til Skugga 3 ehf.

**28. 2101594 - Glimmerskarð 1, umsókn um lóð**

44.liður úr fundargerð bæjarráðs frá 28.janúar sl.

Lögð fram umsókn MA Verktaka ehf. um lóðina nr. 1 við Glimmerskarð.

Bæjarráð leggur til við bæjarstjórn að lóðinni nr. 1 við Glimmerskarð verði úthlutað til MA Verktaka ehf.

**29. 1802321 - Hverfisgata 12, lóð, úthlutun**

45.liður úr fundargerð bæjarráðs frá 28.janúar sl.

1802321 - Hverfisgata 12, lóð, úthlutun

Tekið fyrir á ný.

Alls bárust 18 umsóknir um lóðina og dró fulltrúi sýslumanns úr umsóknum. Dregin var út umsókn Guðmundar Más Ástþórssonar. Til vara var dregin út umsókn Stálborgar ehf.

Leggur bæjarráð til að lóðinni Hverfisgötu 12 verði úthlutað til Guðmundar Más Ástþórssonar.

**30. 2101593 - Fluguskeið 13, umsókn um lóð**

Lögð fram umsókn Sigurðar Péturs Jónssonar og Þorsteins Styrmis Jónssonar um lóðina nr. 13 við Fluguskeið.

**Fundargerðir**

**31. 2101038 - Fundargerðir 2021, til kynningar í bæjarstjórn**

Fundargerð fræðsluráðs frá 27.janúar sl.

a. Fundargerð íþróttá- og tómstundanevndar frá 20.janúar sl.

Fundargerð fjölskylduráðs frá 29.janúar sl.

Fundargerð bæjarráðs frá 28.janúar sl.

a. Fundargerð hafnarstjórnar frá 13.janúar sl.

b Fundargerð heilbrigðisnevndar Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis frá 25.janúar sl.

b. Fundargerð menningar- og ferðamálanefndar frá 20.janúar sl.

c. Fundargerð SSH frá 18.janúar sl.

d. Fundargerðir stjórnar Strætó bs. frá 29.desember og 8.janúar sl.

Fundargerð skipulags- og byggingaráðs frá 26.janúar sl.

Fundargerð umhverfis- og framkvæmdaráðs frá 27.janúar sl.

a. Fundargerðir stjórnar Strætó bs. frá 29.desember og 8.janúar sl.

Fundargerð forsetanefndar frá 1.febrúar sl.

01.02.2021

Rósa Guðbjartsdóttir bæjarstjóri

